

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Brynhildur Pálmarsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/404
komudagur 11. 12. 2008
Reykjavík, 10. desember 2008 02-2008120003
T-ums 34/08

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 145. mál - EES reglur.

Ríkisskattstjóri hefur þann 1. desember 2008 mótttekið bréf yðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 145. mál, þskj. 161.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að allir hluthafar geti samþykkt að ekki sé krafist skýrslu frá óháðum sérfróðum matsmönnum um samrunaáætlun, m.a. um endurgjald fyrir hluti. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það feli í sér innleiðingu EES-reglna um einföldun ákvæða við samruna og skiptingu hlutafélaga. Jafnframt kemur fram að ákvæðin eigi rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum. Ennfremur segir svo að talið sé að nægilegs öryggis fyrir lánadrottna og hluthafa í minni hluta sé gætt með ákvæðunum. Þá er rétt að fram komi að fyrirhugaðar eru frekari tilslakanir í þessum efnum, en í viðskiptaráðuneytinu er frumvarp í smíðum þar sem endurskoðunarskylda minni félaga er afnumin.

Samrunar hafa skattalegar afleiðingar bæði fyrir þau félög sem í hlut eiga og fyrir hluthafa þeirra. Sérfræðiskýrslur af þeim toga sem nefndar eru í frumvarpinu hafa hingað til haft margvíslega þýðingu við álagningu opinberra gjalda og við skatteftirlit. Það er álit embættisins að erfiðara yrði um vik fyrir skattyfirvöld að sannreyna þau atriði sem skýrslurnar taka til njóti þeirra ekki við. Þá verður ekki séð hvernig öryggis lánadrottna sé gætt við þær tilslakanir sem fyrirhugað er að gera, bæði með því frumvarpi sem hér er til umsagnar og því sem er í smíðum í viðskiptaráðuneytinu. Af þeim sökum fer embættið fram á að tekin verði af öll tvímæli um að skyldu til þess að leggja fram yfirlýsingu endurskoðenda eða skoðunarmanna um að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánadrottna á að fá fullnustu í hinum einstökum félögum sbr. 4. mgr. 122. gr. laga um hlutafélög og 4. mgr. 97. gr. laga um einkahlutafélög. Að síðustu metur ríkisskattstjóri atburði síðustu mánaða á íslenskum fjármálamarkaði þannig að vart sé unnt að mæla með einföldun á regluverki.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda og þeirra upplýsinga sem fyrir liggja getur ríkisskattstjóri ekki mælt með lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Skúli Eggert Þórðarson Guðrún J. Jónsdóttir